



Alþingi
Erindi nr. P 139/3080
komudagur 7.9.2011

7. september 2011
SI-78670

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum, þskj. 1398 – 788. mál.

Á fundi efnahags- og skattanefndar með undirrituðum og aðstoðarseðlabankasjóra þann 18. ágúst sl. var þeirri spurningu beint til Seðlabankans hverjar væru þær lágmarksbreytingar sem gera þyrfti á tilvitnuðum lögum til að núverandi gjaldeyrishöft héldu og hægt væri að halda áfram með afnám þeirra.

Í þessu sambandi er rétt að ítreka að fyrirbyggjandi frumvarp byggir á þeirri áætlun um afnám hafta sem birt var 25. mars sl.. Áætlunin var samin af Seðlabanka Íslands í samráði við ráðuneyti og viðeigandi stofnanir og endanleg gerð hennar var samþykkt af ríkisstjórn. Þá kom fram í umsögn bankans frá 24. maí sl. að hann hafi átt þátt í samningu frumvarpsins og styddi það með tilteknum breytingum sem fram komu í umsögninni. Seðlabankinn telur ekki ástæðu til að breyta þessari afstöðu. Varðandi ofangreint og mat á lágmarkspörf hér á eftir tekur Seðlabankinn mið af þremur sjónarmiðum: 1) að almenn lagaheimild til að hefta fjármagnsútstreymi sé til nægilega langs tíma til að verulegar líkur séu á að hægt verði að lyfta höftunum innan þeirra tímamarka án umtalsverðs óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði og að tímamörkin hvetji aflandskrónueigendur og þá sem vilja nýta aflandskrónur til fjárfestinga „til að koma að borðinu“ í fyrri hluta afnáms haftanna; 2) að samspil laga, reglugerðar og undanþága bjóði upp á nægjanlegan sveigjanleika til að létta einstökum hömlum hratt þegar færi gefast en geri það einnig mögulegt að bregðast skjótt við ef afnámsferlið opnar ófyrirséðar sniðgönguleiðir sem geta valdið alvarlegum óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði; 3) að lagastoð fyrir höftum og refsheimildum sé nægilega traust til að fæla aðila frá brotum.

Ofangreind sjónarmið gætu í einhverjum mæli stangast á, sérstaklega 2 og 3, og fyrirbyggjandi frumvarp endurspeglar óhjákvæmilega málamiðlun á milli þeirra. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að það ferli sem felst í fyrirbyggjandi áætlun um losun gjaldeyrishafta er á margan hátt flókið og fordæmin eru ekki á hverju strái. Framvinda áætlunarinnar kann því að kalla á breytingar á lögum og reglum sem ekki er hægt að sjá fyrir. Þá er einnig hugsanlegt að í ljós komi að mögulegt og nauðsynlegt verði að gefa Seðlabankanum meira svigrúm til að útfæra lögin en gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi frumvarpi.

Í ljósi ofangreindrar óvissu er engin leið fyrir Seðlabankann að spá fyrir um það hvað muni þegar upp verður staðið vera nægjanlegt fyrir Seðlabankann til að framfylgja fyrirbyggjandi reglum um gjaldeyrismál og stuðla að losun

gjaldeyrishafta. Margt bendir til þess að hægt verði að losa höftin á styttri tíma en fyrirhuguð lagaheimild haftanna varir. Seðlabankinn mun fyrir sitt leyti leggja allt kapp á að svo verði. Með því að stytta heimildina væri hins vegar óhjákvæmilega tekin eitthvað meiri áhætta.


Hugsanlega verður hægt að draga úr smámunaseminni í lögfestingu núverandi gjaldeyrisreglna án þess að grafa undan lögmæti og refsheimild, sem talið er að gæti þurft traustari grunn í ljósi þess að lagaheimildin er til mun lengri tíma en áður. Það væri auðvitað á margan hátt æskilegt þar sem það myndi auka sveigjanleikann í framkvæmdinni. En nákvæm útfærsla þar að lútandi verður ekki hrist fram úr erminni.

Í þessu ljósi telur Seðlabankinn að hann geti ekki svo vel sé lagt fram nákvæma lýsingu á því lágmarki sem þarf til, en ljóst er að það myndi þurfa að uppfylla meginsjónarmiðin þrjú sem sett eru fram hér að ofan.

Niðurstaða Seðlabankans er því sú að réttast væri að lögfesta fyrirbyggjandi frumvarp án þess að gera á því róttækar breytingar. Hins vegar mun bankinn gera tillögur um frekari lagaheimildir sem skjóta traustari stoðum undir áætlunina um losun gjaldeyrishafta. Einnig kann að vera mögulegt að gera minniháttar breytingar er draga úr smámunasemi áður en núverandi frumvarp er lögfest.

Í framhaldinu verði skoðað hvernig megi auka sveigjanleika og draga úr hættu á því að þörf fyrir tíðar lagabreytingar seinki áætluninni. Þá er rétt að benda á að komi það í ljós, sem vonandi verður, að mögulegt verði að losa höftin töluvert áður en lagaheimildin fellur úr gildi er Alþingi í lófa lagið að fella hana úr gildi fyrr. Einn helsti kostur útboðsleiðarinnar er að hún mun gefa vísbendingar um hversu hratt verður hægt er að losa höftin án þess að umtalsverður óstöðugleiki hljótist af.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Samrit:
Efnahags- og viðskiptaráðherra
Forsætisráðherra